

Sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010

KOSNINGA LEIÐBEININGAR

1. Þú gerir grein fyrir þér og sýnir persónuskilríki með mynd.
2. Ef þú átt rétt á að kjósa færðu afhentan kjörseðil sem þú tekur með þér í kjörklefann.
3. Þú greiðir atkvæði með því að merkja (með X) fyrir framan bókstaf þess lista sem þú vilt kjósa.
Þú mátt eiga við listann sem þú kýst, t.d. breyta röð frambjóðenda eða hafna frambjóðanda með því að strika yfir nafn hans.
Þú mátt ekki eiga við aðra lista en þann sem þú kýst eða gera aðrar merkingar á seðilinn, því þá getur atkvæðið talist ógilt.
4. Ef þú telur þig þurfa aðstoð við að kjósa geturðu tilnefnt einn úr kjörstjórn til að veita aðstoð.
5. Ef kjörseðill eyðileggst hjá þér af einhverjum ástæðum skaltu sýna formanni kjörstjórnar seðilinn og biðja um nýjan.
6. Þegar þú hefur greitt atkvæði brýturðu seðilinn saman, setur hann í kjörkassann og gengur af kjörfundi.

